



## Leigusamningur um hagabeit í landi Skeiða- og Gnúpverjahrepps

Skeiða og Gnúpverjahreppur kt: 540602-4410 og Traðarland ehf kt 590117-0990, gera með sér eftirfarandi samkomulag vegna leigu á landsvæði fyrir hagabeit í landi Skeiða- og Gnúpverjahrepps

1. Aðilar að leigusamningi: Skeiða- og Gnúpverjahreppur telst leigusali í þessum samningi og Traðarland ehf leigutaki. Samkvæmt samningi þessum er leigutaki alltaf umsjónarmaður alls búfjár sem finnst á hinu leigða landi á hverjum tíma. Leigusamningur þessi veitir leigutaka engin frekari réttindi en í samningi þessum greinir. Leigutaka er ekki heimil efnistaka á hinu leigða landi.

2. Hið leigða er hagabeit á spildu í landi Skeiða- og Gnúpverjahrepps. Landnúmer 166586. Hið leigða land er um 4,2 ha. Sjá nánar afmörkun hins leigða á loftmynd, fylgiskjal 1. Landið er leigt til beitar. Leigutaka er einnig heimilt að nýta hið leigða til sláttar þar sem það á við.

3.1 Leigutími samkvæmt þessum samningi hefst þann 20. júní 2017. Leigutíma lýkur þann 20.09. 2017.

3.2 Eftir að leigutíma líkur verður litið á öll hross inn á hinu leigða landi sem lausagönguhross og verða þau umsvifalaust meðhöndluð sem slík.

4.1 Leigutaki ábyrgist að viðhalda og bæta gæði beitarlandsins.

4.2 Leigutaki ábyrgist að hross þau sem hann er umsjónarmaður fyrir komist ekki út fyrir hið leigða land að sjálfsdáðum. Ítrekuð brot á þessu ákvæði skoðast sem uppsögn leigusamningsins.

4.3 Girðingar sem eru til staðar eru eign leigusala, leigutaka er heimilt að gera við og nýta þær auk þess sem honum er heimilt að bæta við girðingum. Við lok samnings er leigutaka heimilt að taka upp girðingar sem hann hefur girt, en girðingar sem voru til staðar ásamt lagfæringum eru eign leigusala.

4.4 Leigutaki ákveður sjálfur leyfi til umferðar um hið leigða land, þó þannig að alltaf verði leyfð umferð gangandi fólks.

5.1 Leigutaki greiðir fyrir allan áburð og kostnað vegna uppbyggingar og viðhalds beitar á hinu leigða landi.

5.2 Leigusali greiðir skatta og gjöld vegna hins leigða.

5.3 Allar mögulegar arðgreiðslur af hinu leigða, s.s. arðgreiðslur af veiðirétti, falla til leigusala.

6.1 Leigan er 10.000 kr á mánuði.

7.1 Leigutaka er ekki heimilt að framleigja landspilduna. Fjöldi hesta skal miðast við beitarþol landsins á hverjum tíma.

8.1 Að öðru leyti en að ofan greinir gilda öll almenn ákvæði gildandi laga og reglugerða sem við geta átt um leigusamning þennan. Brot á þessum lögum og reglugerðum af hendi leigutaka skoðast sem uppsögn samningsins.

8.2 Samningur þessi er gerður í tveimur samhljóða eintökum og heldur hvor aðili sínu eintaki.



# Skeiða- og Gnúpverjahreppur


Árnesi, 801 Selfoss Sími: 486 6100 Fax: 486 6120 Kennitala 540602-4410 skeidgnup@skeidgnup.is

Árnesi 20.06.2017

F.h. leigutaka

F.h. leigusala

Hannes Ó. Gestsson

  
Sveitarstjórn  
Skeiða- og  
Gnúpverjahrepps

Með fyrirvara um samþykkt sveitarstjórnar

Vottar að rétttri dagsetningu og undirritunum:

Guðmundur Þórðsson

Þórfar Ósk Bergisdóttir